



Af hverju í ósköpunum?

Námskeiðið "Af hverju í ósköpunum?" er ætlað foreldrum getumikilla barna á einhverfurófi á aldrinum 8-16 ára. Námskeiðið er fimm skipti í 2 klst í fimm-sex manna hóp að hámarki. Það samanstendur af fræðslu í formi fyrirlestra og umræðum þar sem foreldrar tengja efni fyrirlestra við eigin börn og reynslu.

Fyrirlestrar hafa þann tilgang að kynna foreldrum það helsta sem vitað er um einhverfueinkenni. Umræður hafa þann tilgang að foreldrar deili reynslu sinni og sjái hvað er ólíkt og líkt með börnunum. Markmiðið er að foreldrar skilji hegðun og líðan barnanna betur og geti betur brugðist við þörfum og hegðun barna sinna og að álag á börn og foreldra minnki í kjölfar þess.

Námskeiðið var fyrst kennt haustið 2014 en efni námskeiðsins er uppfært á hverju sumri í ljósi nýrra rannsókna á sviðinu. Í ár verður námskeiðið uppfært með því sem fram kemur á ráðstefnunni Autism Europe 2016. Verð er 20.000kr fyrir einstakling en 26.000kr fyrir tvo einstaklinga sem koma vegna sama barns (t.d. þar, fráskildir foreldrar, móðir og amma). Eitt námskeið verður í haust.

Þriðjudaga 4. október – 1. nóvember kl. 17.15-19.15

Skipulag námskeiðs

Tími 1 Kynning.

Tími 2 Hugsun, mál og minni. (Hvernig hugsar fólk á einhverfurófi)

Tími 3 Að setja sig í spor annarra. (Hvernig hugsar fólk á einhverfurófi um aðra)

Tími 4 Vinir og áhugamál. (Hvernig tengist fólk á einhverfurófi öðrum)

Tími 5 Skynúrvinnsla og tilfinningavandi. (Hvernig skynjar fólk á einhverfurófi umhverfi sitt og tilfinningar)

Skráning og nánari upplýsingar á krossgatan@krossgatan.is. Námskeiðið verður haldið að Háaleitisbraut 13, 4. hæð.